

Ed.

584. Frumvarp til laga

um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jarðir, lönd og lóðir í kauptúnum og sjávarþorpum, eða í grennd við þau, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Skilyrði fyrir því, að ríkið kaupi jarðir, lönd og lóðir samkv. lögum þessum eru:

- a. Að landið sé ekki í eign hlutaðeigandi hrepps, þorps eða kauptúns.
- b. Að samþykkt hafi verið á lögmætum hreppsnefndarfundum formleg beiðni um, að kaupin séu gerð, og fylgi henni rökstuðningur fyrir því, að hlutaðeigandi hreppur sé ekki fjárhagslega fær um að standa undir kaupunum.
- c. Að beiðnin hafi verið samþykkt með meiri hluta atkvæða lögmæts fundar kosningabærra kaupstaðar- eða þorpsbúa, sem hlut eiga að máli, og að tekið hafi verið fram í fundarboðinu, að atkvæðagreiðsla fari fram í málinu.
- d. Að fyrir liggi rökstutt álit Búnaðarfélags Íslands um, að þorpið eða kauptúnið hafi þörf fyrir að fá landið til afnota vegna ræktunar eða annarra framkvæmda og að lífvænleg atvinnuskilyrði séu fyrir hendi á staðnum og ekki sé hætt á, að byggð muni leggjast þar niður.

3. gr.

Jarðir þær, lönd og lóðir, er ríkissjóður kaupir samkvæmt lögum þessum, skal hann leigja hlutaðeigandi hreppi með ævarandi leiguréttindum, sbr. þó 5. gr., og sé árleg leiga 4% af kaupverði eignarinnar. Hreppnum er skylt að leigja landið út til hlutaðeigandi þorps- eða kauptúnshúsa, eftir því sem lög og reglur þar um mæla fyrir.

4. gr.

Skylt er ríkinu, ef hreppsnefnd óskar þess, að selja hreppnum með hagkvæmum greiðsluskilmálum jarðir þær, lönd og lóðir, er ríkið kaupir samkvæmt lögum þessum, með kostnaðarverði. Eignir þessar mega hrepparnir ekki selja aftur, nema með samþykki ríkisstjórnar.

5. gr.

Nú stendur hreppur eigi í skilum með umsamda leigu af jörð eða lóðum til ríkissjóðs, eða ræktun og mannvirki ganga úr sér, eða náttúrugæðum er spillt, svo að eignin rýrnar í verði, og hefur hann þá fyrirgert leiguréttindum sínum. Er þá ríkissjóði heimilt að taka í sínar hendur öll umráð hinnar leigðu eignar, svo og innheimtu lóðar- og erfðafestugjalda.

6. gr.

Nú vill ríkið kaupa lönd eða lóðir samkv. lögum þessum, en eigandi vill ekki selja eða samkomulag næst eigi um kaupverðið, og er þá heimilt að taka löndin eða lóðirnar eignarnámi samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms, með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Að eigandi lands eða lóðar geti haldið eftir hæfilega stóru landi fyrir sjálfstæðan búrekstur eða annan atvinnurekstur, samkvæmt álitum Búnaðarfélags Íslands.
- b. Að leitað sé ráða og umsagnar Búnaðarfélags Íslands, áður en eignarnám fer fram samkvæmt lögum þessum, og má aldrei heimila eignarnám án samþykkis Búnaðarfélags Íslands. Skal Búnaðarfélagið sérstaklega gæta þess, að ekki verði um of þrengt að hagsmunum annarra aðila í hreppnum, né þeirra, sem eiga það land, sem tekið er eignarnámi.

Land, sem liggur í öðru hreppsfélagi, má því aðeins taka eignarnámi, að landið liggja að hreppamörkum. Skal þá jafnframt, ef óskir koma fram um það, leitað samninga um, að hið tekna land verði lagt undir þann hrepp, er það notar, og ákveður ráðherra, að svo skuli gert, ef hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, verða ásáttar um skilmála og sýslunefnd mælir með. Að öðrum kosti verður hreppamörkunum ekki breytt nema með lögum.

7. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, enda sé árlega tekin upp í fjárlög hæfileg fjárhæð í þessu skyni. Framkvæmd laganna má fela stjórn jarðakaupasjóðs ríkisins.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.